

Útfylla skal afgreiðsluseðla vegna póstsendinga þessara og skulu tollgæzlumaður og póstafrgreiðslumaður staðfesta með undirskrift sinni móttöku vörunnar fyrir hönd kaupanda.

12. gr.

Ef Frihöfnin hefur í birgðum sínum illseljanlegar eða gallaðar vörur, er henni heimilt að selja þær til þeirra aðila hjá varnarliðinu, sem rétt hafa til innkaupa, fyrir erlendan gjaldeyri.

Sala þessi skal fara fram undir eftirliti tollgæzlu.

13. gr.

Skrifstofa frihafnarstjóra hefur á hendi allt bókhald vegna Frihafnarinnar.

Frihafnarstjóri skal árlega senda utanríkisráðherra sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Frihafnarinnar.

14. gr.

Frihafnarstjóri skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl., sbr. breyting á þeim lögum, nr. 61 frá 12. maí 1970, og öðlast hún gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 309 frá 17. desember 1968, um tollfrjálsar verðlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

Utanríkisráðuneytið, 12. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

G J A L D S K R Á**Hitaveitu Selfoss.****I. HEITT VATN**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 8.80 kr./m³
 - b. Fastagjald af rúmmáli í rúmi því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis 1.10 kr./m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn til notkunar í húsnæði sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 13.80 kr./m³
3. Þegar sérstaklega stendur á getur hitaveitustjóri, að tilskildu samþykki orku- nefndar, selt vatn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðisins.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " | 138.00 kr./mán. |
| 2. Fyrir mæla frá 1"—2" | 228.00 kr./mán. |

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald fyrir eina heimæð er, miðað við heildarrúmmál húsa, sem hita skal:

Allt að 400 m³ 19 300.00 kr.

400 til 2000 m³ 19 300.00 kr. af 400 m³ + 15.25 á m³ þar yfir

2000 til 6000 m³ 42 175.00 kr. af 2000 m³ + 13.25 á m³ þar yfir

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengt við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 3200.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 230.00 kr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Ísafjarðar.

1. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Ísafjarðar er fyrst um sinn:

- Mæðravernd: Eftirlit með barnshafandi konum.
- Barnavernd: Eftirlit með heilsufari ungbarna innan skólaskyldualdurs (0—7 ára) svo og ónæmiságerðir gegn barnaveiki, kíghósta, kúabólu og mænuótt.

2. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar í samráði við lækna, er starfa við stöðina.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar er skipuð þrem mönnum, bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar, einn er tilnefndur af heilbrigðismálaráðuneytinu og einn af Sjúkrasamlagi Ísafjarðar.